

## 51. fundur

Hafnarstjórn hélt fund mánudaginn 20. nóvember 2006 kl. 17.00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Símon Sturluson, Hrannar Pétursson, hafnarvörður, Guðbrandur Björgvinsson, Kristinn Ó. Jónsson, Erla Friðriksdóttir og Sigrún E. Svavarsdóttir.

Formaður setti fund og stýrði.

1. Flotbryggja siglingaklúbbsins.  
Samþykkt að leggja til að kaupa flotbryggju að upphæð kr. 2.000.000.- af Siglingaklúbbi Snæfells og gert að tillögu að hún verði staðsett í Snotru.  
Guðbrandur situr hjá vegna tengsla við siglingaklúbbinn.
2. Fundargerðir stýrihóps um framtíðarsýn Stykkishólshafnar.  
Fundargerðir stýrihóps um framtíðarsýn Stykkishólshafnar nr. 3, 4 og 5 lagðar fram og kynntar.
3. Bréf Siglingastofnunar um rekstur hafnarinnar, dags. 31.10.2006 lagt fram.
4. Samningur við Sæferðir.  
Drög að samningi við Sæferðir kynnt og samþykkt að fela hafnarstjóra að vinna áfram í málinu.
5. Önnur mál.
  - a) Rætt um þörf fyrir aukna viðlegu fyrir smábáta og lagt til að sótt verði um styrk til Siglingastofnunar vegna kaupa á flotbryggju strax á næsta ári.
  - b) Lög til orðalagsbreyting á 19. grein um farþegagjöld í gjaldskrá Stykkishólshafnar.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.50.

Kristinn Ó. Jónsson (sign.),  
Símon M. Sturluson (sign.),  
Erla Friðriksdóttir (sign.),  
Hrannar Pétursson (sign.),  
Guðbrandur Björgvinsson (sign.),  
Sigrún E. Svavarsdóttir (sign.).